

**Málflutningsstofa**  
**Snæfellsness ehf.**  
Pétur Kristinsson lögmaður  
löggiltur fasteigna- og skipasali

**Borgarbraut 2**  
**340 STYKKISHÓLMI**  
kt. 570394-2319- VSK 41849  
sími 438-1199 netfang pk@simnet.

Fjarðabyggð  
Hafnargötu 2

730 REYÐARFIRÐI

Stykkishólmi 18. júlí 2023

Varðar: Ágang búfjár

Til undirritaðs hafa leitað Ívar Ingimarsson kt. 200877—5359 og Hrefna Dagbjört Arnardóttir kt. 080277-5719 eigendur jarðarinnar Óseyrar fastanr. 217-8302.

Þann 11. júní sl. óskuðu þau eftir því með vísan til 33. laga nr. 6/1986 að sveitarfélagið léti smala ágangsfénaði af jörð sinni. Nú rúmum mánuði síðar hefur sveitarfélagið ekki brugðist við.

Framangreind lagagrein er einföld og skýr og þarfnast ekki flókinna skýringa.

Skilyrði hennar eru aðeins tvö, annarsvegar að um ágangsfé sé að ræða og hinsvegar að sá sem fyrir verður kæri. Að fullnægðum þessum skilyrðum ber sveitarstjórn að smala. Í tilviki umbjóðenda minna er báðum skilyrðunum er fullnægt og hefur því skylda sveitarstjórnar til smölunar hefur stofnast.

Sveitarstjórn hefur ekkert val í þessum efnum enda um að ræða skýr lagafyrirmæli sem sveitarstjórn ber að fara eftir. Löggjafinn hefur m.ö.o. lagt fyrir sveitarstjórnir að smala ágangsfé að þessum tveimur skilyrðum fullnægðum.


Tilgangur umræddrar lagagreinar er að að vernda eignarrétt landeiganda að landi sínu og koma í veg fyrir að þeir verði fyrir tjóni. Er sveitarstjórn því eðli máls samkvæmt skylt að bregðast skjótt við.

Í ljósi þess að nú er liðinn rúmlega mánuður síðan kært var án þess sveitarstjórn hafi brugðist við er augljóst að sveitarstjórn hefur brotið gegn skýrri lagaskyldu sinni og með því skapað sér skaðabótaskyldu.

Er þess hér með krafist að sveitarstjórn láti þegar smala ágangsfénaði af landi umbjóðenda minna.

Þá er einnig óskað eftir því að sveitarstjórn upplýsi innan 10 daga frá dagsetningu bréfs þessa hvort hún viðurkenni bótaskyldu sína. Verði það ekki gert má reikna með að höfðað verði mál til viðurkenningar á bótaskyldu.

Virðingarfyllst,



Pétur Kristinsson lögm.